



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ENSK2OL05

(Orðaforði og lestur)

Kennari/kennarar:	Filippía Huld Helgadóttir FHH filippiahuld@fsu.is Karl Sigtryggsson KAS karl.sigtryggsson@fsu.is Sigurbjörn Már Valdimarsson SMV sigurbjorn@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu með áherslu á ritun efnisgreina.

Undanfari: einkunn B, B+, A úr grunnskóla eða ENSKHA05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t.
- orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s. greinamerkjasetningu

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málvari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um mál efni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða
- megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og
- afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á
- skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

Námsefni:

- **Academic Skills Level 3**, Sarah Philpot and Lesley Curnick
- **A good online dictionary** or a good monolingual printed dictionary (English-English)
- **Námsefni frá kennara**
- **Born a Crime**, skáldsaga eftir Trevor Noah

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Kynning á kennsluskrá. Speed friending Umræður Short films Punctuation Paragraph analysis
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Paragraph writing Short stories Oral exam 1 Academic Skills 3
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Short stories Paragraph writing Academic skills 3
13 - 16	7.- 30. apríl		Born a Crime Academic skills 3
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Born a Crime Academic skills 3 Oral exam

Sérreglur áfangans:

Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð, viðurkennd forföll komi til. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar eða eftir samkomulagi við kennara. **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur.**

Nemendur fæddir 2006 eða fyrr geta rætt við kennara um mætingarsamning innan tveggja vikna frá upphafi annar (skipulag samnings á hendi hvers kennara).

Samkvæmt stefnu deildarinnar, er **ritstuldur** (plagiarism) óásættanlegur. Eftirfarandi flokkast sem ritstuldur og gæti skilað nemendum einkunninni **0**:

- Texti tekinn óbreyttur frá öðrum (copy/paste)
- Texti unnin af gervigreind (ChatGPT, Copilot, Gemini eða annarri gervigr.)
- Fá lánuð verkefni frá öðrum nemendum (gildir bæði um þann sem lánar og fær lánað).

Kennari áskilur sér rétt til þess að lækka einkunn fyrir sein skil nema nemandi hafi gildar ástæður fyrir seinum skilum og skal þá samráð haft við kennara. **0.5** fyrir hvern dag sem skilað er seint. Eftir viku er hámarkseinkunn fyrir verkefni/próf **5**.

Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Paragraph writing	The elements of paragraph writing. Writing four structured paragraphs.	20%
Speaking	Class participation (5%). Speaking tests, one of which from Born a Crime	25%
Academic Skills 3	Independent work in Academic Skills 3 and tests.	20%
Born a Crime - Biography	Discussions, examination through traditional tests and discussions	15%
Short stories	Assignments and tests	10%
Short Film	Assignments and video presentation	10%
Total		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar.

Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 7. janúar, 2026, Filippía, Karl, Sigurbjörn og Kristjana Hrund (fagstjóri)